



Fundur í skólaráði Borgaskóla 28. janúar 2026 kl. 08:30

Mætt á fundinn voru: Elmar og Stefanía fulltrúar nemenda, Hjörleifur og Berta (varamaður fyrir Kristjönu) fulltrúar foreldra, Ásgerður fulltrúi grenndarsamfélags boðaði forföll, Svanur fulltrúi kennara, Elfar fulltrúi starfsfólks og Ester Helga skólastjóri.

Efni fundar:

1. Skóladagatal 2026-2027
2. Skólastarf á vorönn

1. Fundarmenn fengu sendan grunn fyrir skóladagatal og á því var að finna tillögu fyrir tvo nemenda- og foreldraviðtalsdaga, ss. 1. október og 8. febrúar, einnig var þar tillaga um skerta daga (þá sömu og eru á núverandi skólaári). Sú tillaga var samþykkt einróma. Þá var búið að setja inn þá þrjá starfsdaga sem eru sameiginlegir í hverfum 30. september, 5. febrúar og 27. apríl og hafa verið samþykktir af fulltrúum leik- og grunnskóla. Góð umræða var um skerta daga í skólanum og fulltrúi foreldra benti á mikið uppbrot í febrúar en minna í janúar og mars. Rætt var um kosti þess og galla fyrir skólastarf annars vegar og heimilin hins vegar. Einnig var rætt um þemadaga og vorhátíð og lagt til að þemadagar yrðu 13. og 14. apríl og uppskeruhátíð þemadaga 15. apríl. Það var samþykkt einróma. Einnig var rætt um að hafa vorhátíð í kjölfarið eða 29. apríl. Þá var umræða um tvo starfsdaga og lagt til að fyrri starfsdagurinn yrði 30. nóvember og sá seinni 4. janúar. Þessar tillögur verða lagðar fyrir kennarafund og skólaráð mun svo staðfesta skóladagatalið. Verður það í kjölfarið lagt fyrir Skóla- og frístundaráð og samþykkt þar. Skóladagatalið er birt með fyrirvara á heimasíðu skólans.
2. Skólastjóri sagði frá skólastarfi á vorönn. Um þessar mundir er verið að draga saman námsmat og fá nemendur rafrænan vitnisburð í námsmöppu. Stjórnendur fara í innlit í kennslustofur þar sem skoðuð eru sérstaklega markmið skólaársins í leiðsagnarnámi, sem eru samræður og spurningatækni. Tekin eru starfspróunarsamtöl við kennara í kjölfarið. Starfsfólk fer í starfspróunarsamtöl í byrjun maí. Fyrir vetrarleyfi verður haldið upp á Alþjóðadag orku með þemaverkefnum þvert á árganga ásamt því að Borgaskólaleikar verða haldnir á öskudag. Eftir vetrarleyfi fer í hönd „drjúgur tími“ þar sem unnið verður áfram að

stærri þemaverkefnum, haldið verður upp á Dag vatnsins með þemaverkefnum þvert á árganga, nýr matsferill verður lagður fyrir í 4.-7. bekk í lesskilningi og stærðfræði, nemendur í 7. bekk taka þátt í stóru upplestrarkeppninni og nemendur í 4. bekk taka þátt í litlu upplestrarkeppninni. Haldið verður barnaþing og nemendur í réttindaráði útbúa skýrslu fyrir úttekt Réttindaskóla Unicef. Leikskólaheimsóknir halda áfram, þar sem verðandi nemendur koma í heimsóknir til list- og verkgreinakennara, á bókasafn, til umsjónarkennara og í frístundaheimilið. Þá verða þemadagar haldnir í apríl, Barnamenningarhátíð verður á sínum stað og nú standa yfir samningaviðræður við Nordic Affect um samstarfsverkefni í tengslum við hátíðina, erlendir gestir frá Frakklandi og Noregi skoða skólastarf í apríl. Samantekt námsmats verður á döfinni í maí, vorhátíð foreldrafélagsins, Hvergilands og Borgaskál og útskriftarsamtöl nemenda í 7. bekk fara einnig fram í maí.

Fundi slitið kl. 09:10.

Fundinn ritaði Ester Helga, fundargerð yfirfarin og samþykkt af fundarmönnum.